

Bayern-Versicherung

Lebensversicherung Aktiengesellschaft

Ein Unternehmen der Versicherungskammer

Upplýsingablað um sjálfbærni – Ábyrgðareignir

Útgáfa frá: 24.07.2021 – SAP-númer 343468-Island

Þetta fjárfestingarform:

- uppfyllir sérstaklega ESG-viðmið
 hefur ákveðin ESG-einkenni

Atriði er varða sjálfbærni

Ábyrgðareignir okkar taka tillit til umhverfislegra og/eða félagslegra þátta en hafa ekki sjálfbæra fjárfestingu að markmiði. Við fjárfestum hugsanlega aðeins að hluta til í fjárfestingarkostum þar sem sjálfbærni er höfð að markmiði, eða þar sem fjárfestingin telst vera sjálfbær samkvæmt skilgreiningu ESB.

Hvaða umhverfislegu eða félagslegu þættir eru hafðir að leiðarljósi fyrir ábyrgðareignir?

Með því að gerast aðili að PRI - Principles for Responsible Investment (reglur um ábyrgar fjárfestingar) höfum við skuldbundið okkur til að stuðla að sjálfbærni í umhverfismálum, samfélagsábyrgð og siðferðilegri ábyrgð við stjórnun fyrirtækisins. PRI-reglurnar eru alþjóðlegt framtaksverkefni Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar sem hefur það markmið að stuðla að aukinni vitund um áhrif sem fjárfestingarákvarðanir hafa á umhverfisvernd, félagslega þætti og góða stjórnarhætti fyrirtækja (Environmental, Social, Governance - skammst.: ESG). Við tökum tillit til mikilvægra ESG-viðmiða við greiningu okkar á verðbréfum, fjárfestingarákvörðunum og fjárfestingarferlum. Ef aðilar að PRI-frumkvæðisverkefninu fylgja þessum reglum er búist við aukinni sjálfbærni alþjóðlega fjármálakerfisins.

Við munum birta árlega skýrslu um þær aðgerðir sem við grípum til í þessu samhengi. Hægt er að nálgast skýrsluna á vefsíðu PRI á <https://www.unpri.org/>.

Hvaða fjárfestingarstefnu er fylgt fyrir ábyrgðareignir?

Hvaða fjárfestingarstefnu fylgjum við með tilliti til umhverfislegra og samfélagslegra þátta fjárfestingarinnar?

Við erum skuldbundin PRI - Principles for Responsible Investment (reglum um ábyrgar fjárfestingar).

Stjórnin fjallar reglulega um lögbundnar kröfur og samfélagsþróun að því er varðar sjálfbærni í fjárfestingum og umsýslu fasteigna. Útkoma slíkrar greiningar getur t.d. leitt til þess að tiltekna fjárfestingar eru útilokaðar á siðferðislegum eða umhverfislegum forsendum. Þegar umhverfislegum og félagslegum viðmiðum er fylgt við fjárfestingar skal ávallt taka tillit til reglugerðarkrafna er varða öryggi, arðsemi og lausafjárstöðu þar sem blöndun og fjölbreytni er tryggð.

Aukin áhersla á að ná mikilvægum sjálfbærnimarkmiðum í framtíðinni telst vera verkefni þarf að vinna stöðugt að.

Í fjárfestingarferlinu tökum við tillit til E- (Environmental/umhverfisþættir), S- (social/félagslegir þættir) og G- (Governance/stjórnunarþættir fyrirtækis og/eða stjórnvalda) viðmiða (ESG-viðmiðin). Með tilliti til fjárhagslegra áhrifa greinum við stöðugt hvaða sjálfbærniáætla skapast samkvæmt þessum viðmiðum. Þá má meðvitað taka ákvörðun sem felur í sér sjálfbærniáætlu og nýta sér ávöxtunarmöguleika sem greindust þegar sjálfbærnimatið var gert. Þetta á sérstaklega við um útgefendur sem eru í umbreytingarferli. Sjálfbærniáætla getur þannig haft jákvæð eða neikvæð áhrif á ávöxtun í fjárfestingarferlinu.

Hverjar eru viðmiðunarreglurnar fyrir fjárfestingar þegar kemur að vali á fjárfestingum?

Fjárfestingarstefna sem miðar að öryggi og ávöxtun er höfð til grundvallar fyrir fjárfestingasöfn þegar kemur að ábyrgðareignum. Í samræmi við meginreglur um varfærni í rekstri fyrirtækja gætum við að öryggi, gæðum, lausafjárstöðu og hagnaði fjárfestingarsafnsins í heild. Blöndun og fjölbreytni einstakra fjárfestinga er tryggð til að komast hjá of mikilli samþjöppunaráhættu. Mikil fjölbreytni með fjölda fjárfestingagæringa, landa og gjaldmiðla eru forsendur fyrir því að hægt sé að jafna sveiflur hjá ábyrgðareignunum og bjóða viðskiptavinum hæfilega ávöxtun.

Skýringar

Fjárfestingarstefna ákvarðar hvernig við ákveðum í hverju skuli fjárfesta, eins og ákvarðanir um fjárfestingarmarkmið, áhættuþol og kröfur um lausafjárstöðu í framtíðinni.

Viðmiðunarreglur fyrir fjárfestingar eru frjálsar skuldbindingar sem er aðeins hægt að aðlaga samkvæmt ströngum skilyrðum á líftíma afurðarinnar.

Hvernig er fjárfestingarstefnan framkvæmd innan fjárfestingarferlisins?

Við yfirförum reglulega almenna stöðu fjárfestingasafnsins fyrir ábyrgðareignirnar, gerum breytingar eftir þörfum og setjum markmið fyrir áætlanir mörg ár fram í tímann. Fjárfestingin getur verið bein, t.d. í verðbréfum og fyrirtækjaskuldabréfum, en einnig óbein, t.d. í sjóðum. Til viðbótar við reglugerðarkröfur sem gerðar eru til hagkvæmnimats fyrir fjármagnsmarkaðsgerninga styðjumst við ávallt við okkar eigin innri leiðbeiningar sem og kröfur viðeigandi eignaflokks.

Þegar við tökum ákvarðanir um fjárfestingu tökum við meðal annars tillit til ESG-stigagjafar til að átta okkur á því hvort fjárfestingin eigi heima í fjárfestingarsafninu. Það sem mestu ræður þar er hvort tiltekna ESG-gildið bæti gildi heildareignasafnsins. Útgefendur sem eru ekki með jafn góð gildi eru í það minnsta ekki útilokaðir strax. Ef þeir geta sannanlega sýnt fram á að vera í umbreytingarferli gæti niðurstaðan orðið jákvæð. Hér gildir það sama og alltaf, að það má aðeins taka áhættu að takmörkuðu leyti og að fjárfestingin geti gefið af sér hæfilega og fyrirsjáanlega ávöxtun.

Við notum kerfislegt vöktunar- og eftirlitskerfi til að ganga reglulega úr skugga um að fjárfest sé í samræmi við viðmiðunarreglur fyrir fjárfestingar.

Þegar fjárfest er beint er haft eftirlit með upplýsingum um viðkomandi útgefanda. Þegar fjárfest er óbeint leggjum við áherslu á að viðkomandi eignastýringaraðili hafi einnig skuldbundið sig til að fylgja PRI-reglum; þar að auki eru aðilarnir skuldbundnir til að uppfylla gildandi viðmiðanir fyrir útilokun sem kveðið er á um í fjárfestingarreglum sem fjárstýringarfélagið setur.

Eru ákveðin fjárfestingarform útilokuð?

- Já
 Nei

Hvaða stefnu fylgjum við til að ganga úr skugga um að fyrirtækin sem við fjárfestum í hafi góða stjórnunarhætti?

Ábyrgð á framkvæmd fjárfestingarstefnunnar, þ.e. að velja og kaupa/selja einstakar eignir, er útvistuð til framlínudeildar Asset Management GmbH sem starfar á sviði verðbréfaeigna. Mjög sérhæfð bakvinnslueining stjórnar bókhaldi, skýrslugerð, eftirliti og gagnaumsýslu. Nefnd sem hittist vikulega sér um að taka allar helstu ákvarðanir. Eitt helsta verkefni hennar er meðal annars að velja útgefendur í eignasafn fyrir beina fjárfestingu. Við ákvarðanir sínar tekur nefndin sérstakt tillit til fyrirfram skilgreindra ESG-tengdra viðmiða, eins og viðmiðana fyrir útilokun sem og annarra vísa, t.d. ESG-gilda viðkomandi fjárfestingar / útgefanda.

Hvað varðar óbeinar fjárfestingar er áhersla lögð á að valdir eignastýringaraðilar hafi einnig skuldbundið sig til að uppfylla PRI-reglurnar og að þeir fari að þeim viðmiðunum fyrir útilokun sem í gildi eru hverju sinni.

Nýting atkvæðisréttar á nær einungis við verðbréf sem hafa fengist með óbeinum hætti. Fjárstýringarfélag sem valin voru til verksins er treyst til að ganga úr skugga um rétta stjórnun viðkomandi fyrirtækja á grunni leiðbeininga sem fjárstýringarfélagin samþykktu að fylgja, og taka meðal annars tillit til ESG-viðmiðana.

Hvernig er eignaskipting fyrir ábyrgðareignir?

Stefnumótandi eignaskiptingin tekur m.a. til eignaflokkanna; ríkisskuldabréf, fyrirtækjaskuldabréf, hávaxta skuldabréf, fasteignalán, fasteignir, hlutabréf, óskráð hlutabréf og hrávörur.

Tiltekin bandvídd er ákveðin til að þjóna stefnumótun fyrir eignaflokkana.

Í skýringum við ársskýrslu samstæðunnar lýsum við þróun fjárfestinga fyrir heildareignir efnahagsreikningsins sem og bókhalds- og matsaðferðum. Í skýrslu samstæðunnar eru niðurstöður fjárfestinga birtar í kaflanum „Afkomustaða“; áhættur tengdar fjárfestingum eru birtar í skýrslu sem fjallar um möguleika og áhættur.

Góðir stjórnunarhættir eiga við stjórnun fyrirtækisins, stefnu varðandi þóknarir, innri endurskoðun, rétt hluthafa, góða starfshætti hvað varðar skattamál og tengsl þeirra við aðra hagsmunaaðila.

Eignaskiptingin lýsir þeim hluta fjárfestingastefnunnar þar sem kemur fram í hvers konar eignaflokkum er fjárfest.

Er notast við afleiður fyrir ábyrgðareignir?

Já **Ef já, að hvaða leyti samræmist notkun afleiða umhverfislegum og félagslegum kröfum?**

Skýring:

Afleiður eru almennt notaðar sem áhættuvarnaráætlanir vegna markaðsáhættu, eins og áhættu vegna hlutabréfa, vaxta eða gjaldmiðla. Einstakar afleiður má nota til að stjórna fjárfestingarstiginu á markvissan hátt.

Við notkun afleiða gilda almennt sömu meginreglurnar og gilda um grundvallarviðmiðunargæringana. Að jafnaði er þetta gert með því að nota markaðsvísitölur án sérstakrar áherslu á ESG-viðmiðin.

Nei

Hvernig geta sjálfbæru fjárfestingarnar stuðlað að sjálfbærnimarkmiðum án þess að hafa umtalsverð áhrif á aðrar sjálfbærnikröfur á skýrslutímabilinu?

Við tökum almennt séð tillit til sjálfbærniþátta í fjárfestingarferlum okkar. Um leið uppfyllum við umhverfislegar kröfur með hliðsjón af leiðbeiningum fyrir fjárfestingar. Þar að auki veljum við sérstaklega einstakar fjárfestingar sem henta sérlega vel að því er varðar ESG-viðmiðin. Til dæmis leggjum við okkur sérstaklega eftir fjárfestingu í geirum sem eiga sér bjarta framtíð, eins og í endurnýjanlegri orku, félagslegum grunnvirkjum og viðlíka verkefnum.

Hvernig er brugðist við sérlega neikvæðum áhrifum á sjálfbærni viðmið ESG?

Við höfum ekki búið til forgangsröðun þegar kemur að mikilvægum markmiðum er varða öryggi, gæði, lausafjárstöðu og ávöxtun. Stjórn fjárfestingafélagsins bregst við með hagnýtri nálgun. Sama á við þegar uppfylla á viðkomandi E-, S- og G-viðmið.

Hvernig er staðið að því að útiloka fjárfestingu sem hefur umtalsverð neikvæð áhrif á sjálfbærnimarkmiðin?

Af siðferðilegum ástæðum höfnum við ákveðnum og skýrt skilgreindum fjárfestingarkostum. Því voru meðal annars eftirfarandi fjárfestingarkostir útilokaðir samkvæmt leiðbeiningum fyrir fjárfestingar:

- fjárfestingar í landbúnaðarhræfnum
- spákaupmennska með matvæli og
- Fjárfestingar í fyrirtækjum sem eru á lista ISS-oekom yfir „umdeild vopn“.

Með því að taka tillit til þessara viðmiðanaafyrir útilokun er einnig stuðlað að virðingu fyrir mannréttindum.

Viðmiðanir fyrir útilokun eru undir stöðugu eftirliti sem lagar sig að aðstæðum á hverjum tíma.

Hvaða sjálfbærnivísa notum við til að sannreyna að ábyrgðareignirnar búi yfir eiginleikum sjálfbærni?

Við notum eftirfarandi reglur til að meta hvort fjárfestingar okkar í ábyrgðareignum hafi eiginleika sjálfbærni:

- Tekið skal tillit til meginreglna PRI
- Uppfylla skal skilgreindar viðmiðanir fyrir útilokun
- ESG-gildi
- Áframhaldandi þróun

Get ég fundið frekari upplýsingar um ábyrgðareignir?

Finna má frekari upplýsingar um heimildir og aðferðir sem eru notaðar á www.vkb.de.

Frekari upplýsingar um mat okkar á sjálfbærniáhættu er að finna undir: www.vkb.de.

Afleiður eru fjármálagæringar þar sem verðmæti er háð viðmiðunargildi, en eru þó ekki bein fjárfesting í sjálfu gildinu.

Var notast við tiltekna vísitölu til að meta hvort fjárfest var á sjálfbæran hátt í ábyrgðareignunum?

Já

Nei

NEI, hins vegar verður gerð innri greining innan ramma fjárfestingarferlisins í tengslum við fjárfestingar sem dreifast vítt um heiminn, og sett fram hjá MSCI World-vísitölu. Vísitalan er ekki sniðin sérstaklega að fyrrgreindri fjárfestingarleið eða ESG-viðmiðunum.

Hvernig taka söluaðilar okkar tillit til sjálfbærniáhættu í ráðgjöf sinni?

Á hvaða hátt fella söluaðilar okkar sjálfbærniáhættu inn í tryggingaráðgjöf sína?

Þegar söluaðilar okkar setja saman afurðaurval fyrir viðskiptavinum okkar er, auk öryggis og ávöxtunar, einnig tekið tillit til sjálfbærniáhættu (umhverfis, félagslegra þátta og stjórnarháttar fyrirtækis). Þeir tryggja að ráðgjöf viðviðskiptavinum horfi til einstaklingsbundinna þarfa þeirra og sníða vörurvalið sérstaklega að áhættuvilja, áhættuþoli, væntri ávöxtun og persónulegum viðhorfum til sjálfbærni. Þannig má meðvitað taka ákvörðun sem felur í sér sjálfbærniáhættu ef það samræmist þörfum viðskiptavinarins.

Ef söluaðili sem einnig selur afurðir frá öðrum váttryggjendum veitir þér ráðgjöf eða notar af einhverjum ástæðum annars konar aðferðir og matvarðandi sjálfbærniáhættu, færðu sérstakar upplýsingar beint frá viðkomandi aðila.

Hvaða áhrif hefur sjálfbærniáhætta á ávöxtun tryggingarinnar?

Í fjárfestingarferlinu tökum við tillit til E- (Environmental/umhverfispátta), S- (social/félagslegra þátta) og G- (Governance/stjórnunarháttar fyrirtækis og/eða stjórnvalda) viðmiða (ESG-viðmiða). Með tilliti til fjárhagslegra áhrifa greinum við stöðugt hvaða sjálfbærniáhætta skapast samkvæmt þessum viðmiðum. Þá má meðvitað taka ákvörðun sem felur í sér sjálfbærniáhættu og nýta sér ávöxtunarmöguleika sem greindust þegar sjálfbærnimatið var gert. Þetta á sérstaklega við um útgefendur sem eru í umbreytingarferli. Sjálfbærniáhætta getur þannig haft jákvæð eða neikvæð áhrif á ávöxtun í fjárfestingarferlinu.